



Minnisblað

Efni: Fjárhagsáætlanir fyrirtækja í B-hluta samstæðu Reykjavíkurborgar
Viðtakandi: Borgarráð
Sendandi: Fjármálastjóri

Í þessu minnisblaði er farið yfir mikilvægar ábendingar varðandi fjárhagsáætlanir stærstu fyrirtækjanna í B-hluta samstæðu Reykjavíkurborgar.

Faxaflóahafnir sf

Faxaflóahafnir veita atvinnulífi og samgöngum landsmanna mikilvæga þjónustu. Helstu áhættuþættir varðandi tekjur félagsins felast í ytra efnahagsumhverfi einkum er varðar þróun innflutnings og útflutnings (vörugjöld). Forsendur tekjuáætlunar virðast varfærnar en varfærni endurspeglar yfirleitt áætlanir fyrirtækisins.

Meginverkefni ársins 2015 og næstu ára er bygging á nýjum hafnarbakka utan Klepps í Sundahöfn, sem reiknað er með að í framtíðinni verði helsti vöruflutningabakki fyrir farmstöð Eimskipa. Þar kemur möguleiki á að þjóna stærri og djúpristari flutningaskipum, sem reiknað er með að komi í notkun á næstu árum. Á Grundartanga er reiknað með þróun og uppbyggingu lands og gatnakerfis á Katanesi fyrir sólarkísilverksmiðju Silicor Materials. Alls er gert ráð fyrir fjárfestingum 2015 fyrir um 1,2 milljarða sem verði fjármagnað að fullu af rekstri.

Kennitölur félagsins eru sýna mjög hátt eiginfjárlutfall og veltufjárlutfall og kennitölur félagsins lýsa miklum fjárhagslegum styrk sem félagið ætlar sér sýnilega að halda til framtíðar. Félagið á talsvert landrými tengt hafnarsvæðum þess sem það hefur áform um að nýta sér á næstu árum og má ætla að það hafi ekki aðeins jákvæð áhrif á hag félagsins heldur einnig muni atvinnuuppbygging á landi félagsins efla hag sveitarfélaganna sem eru eigendur þess.

Félagsbústaðir hf

Félagsbústaðir annast uppbyggingu og rekstur á félagslegu íbúðarleiguhúsnæði fyrir Reykjavíkurborg.

Í upphaflegri áætlun er gert ráð fyrir að félagið kaupi 20-35 íbúðir og selji 5- 10 árlega á tímabilinu á árinu 2015 og í fimm ára áætlun 2015—2019 að félagið kaupi nettó 25 íbúðir á ári sem stækkar eignasafn félagsins í takt við mannfjölgun í Reykjavík á tímabilinu. Meðalverð íbúða er áætlað 21 milljón. Gert er ráð fyrir að stækkun eignasafns verði fjármögnuð að 90% með lánum en 10% verði fjármagnað með eiginfjárramlagi til félagsins frá eiganda þess Reykjavíkurborg.



Félagsbústaðir hafa lagt fram áætlun um uppbyggingu 500 nýrra félagslegra leiguíbúða sem verði fjármagnað með 30% stofnfjárframlögum ríkis og borgar og 70% lánsfé af markaði. Fjármálaskrifstofa leggur fram sérstaka umsögn um þessi áform.

Kennitölur félagsins sýna að eiginfjárhlutfall hefur farið hækkandi og stendur í um 35% (ath. IFRS uppgjör) en veltufjárhlutfall er afar lágt eða um 13%. Í drögum að eigendastefnu er miðað við að vaxtaþekja sé yfir 1,4 og skuldaþekja yfir 0,9 og þessi markmið nást í 9 mánaða uppgjöri félagsins í ár. Rekstrarniðurstaðan er jákvæð og verður þannig áfram næstu árin en að mestu leyti borin uppi af gangvirðisbreytingum eigna.

Orkuveita Reykjavíkur sf

Orkuveita Reykjavíkur sf er í dag móðurfyrirtæki í nýrri fyrirtækjasamstæðu en verkefnin eru áfram þau sömu, raforkuframléiðsla, heitt vatn, kalt vatn, fráveita og gagnaveita.

Fyrirtækið áformar að auka fjárfestingar talsvert á næstu fimm árum eftir mikið samdráttaskeið í tengslum við Planið og fjármagna þær fjárfestingar að hluta til með nýjum lánum. Lækkun skulda OR heldur þó að mestu áætlun enda skilar reksturinn vaxandi rekstrarafgangi á næstu árum. Á næsta ári áformar OR að taka 10 milljarða lán til að bæta lausafjárstöðu sína. Er fjallað um þau áform í sérstakri umsögn Fjármálaskrifstofu.

Planið, aðgerðaáætlun eigenda og stjórnenda OR, rennur út í lok árs 2016. Fyrirtækið hefur skilað öllum þáttum PLANSINS og raun gott betur. Kennitölur félagsins nálgast hratt það sem kallað er *fjárfestingarflokkur* sem merkir að vænlegt er fyrir lánastofnanir og banka að lána félaginu. Eiginfjárhlutfall og hlutfall hreinna vaxtaþeranda skulda á móti EBIDTA batna hröðum skrefum og fjármálastofnanir sýna því mikinn áhuga að lána OR sem er einn traustasti mælikvarði á þann rekstrarárangur sem náðst hefur á skömmum tíma.

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins annast lögbundið hlutverk sveitarfélaganna varðandi slökkvistarf og eldvarnareftirlit og félagið gegnir lykilhlutverki í almannavörnum höfuðborgarsvæðisins. Félagið annast sjúkraflutninga fyrir ríkið á höfuðborgarsvæðinu samkvæmt nýgerðum þjónustusamningi til næstu 6 ára.

Félagið áformar að klára byggingu slökkvistöðvar í Mosfellsbæ á næsta ári og á næstu árum þarf að verða endurnýjun slökkviliðsbílaflotans sem orðinn gamall. Félagið er að fá um 420 mkr uppgjör frá ríkinu vegna samningslausa tíma sjúkraflutninga tímabilið 2012 til miðs árs 2014. Þá gætu dómur í gengislánamálum líka skilað félaginu nokkrum fjármunum. Hvorutveggja mun létta undir skuldastöðu félagsins og nauðsynlegum fjárfestingum. Þá áformar félagið að að færa fasteignir sem eingöngu eru notaðar af félaginu beint undir móðurfélagið og innan tveggja ára kemur væntanlega til þess að hagkvæmt verður að færa allar fasteignir félagsins undir móðurfélagið og leggja niður hlutafélagið



SHS Fasteignir. Ofangreind atriði og þjónustusamningurinn um sjúkraflutninga hafa treyst fjárhagslegan grundvöll byggðasamlagsins á ný.

Sorpa bs

Sorpa annast meðferð og urðun úrgangs fyrir sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu.

Stefnt er að því að hefja umfangsmiklar fjárfestingar fyrir tæpa 2 milljarða á árinu 2015, einkum vegna byggingar gasgerðarstöðvar.

Allar helstu kennitölur Sorpu lýsa góðum fjárhag, hátt eiginfjárhlutfall og veltufjárhlutfall, og fyrirtækið vel fjármagnað.

Strætó bs

Strætó annast almenningssamgöngur fyrir sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu. Ríki og sveitarfélögin á höfuðborgarsamgöngur gerðu með sér samning um sérstakt framlag ríkisins, einn milljarð, til að efla almenningssamgöngur á svæðinu. Ríkið hefur ekki efnt þetta samkomulag og hafa framlögin farið lækandi. Mikil óvissa um framhaldið.

Gert er ráð fyrir auknum akstri vagna á álagstímum og um helgar og á rauðum dögum. Í áætlun ársins 2014 var fjárfest fyrir um 750 í nýjum vögnum, á árinu 2015 er ráðgert að fjárfesta í 8-10 nýjum vögnum fyrir 350-400 mkr og að áfram verði unnið að endurnýjun vagna næstu árin. Félagið er lítið skuldsett og ekki er gert ráð fyrir lántökum vegna vagnakaupa.

Allar helstu kennitölur Strætó hafa farið hratt batnandi á undanförunum árum, eiginfjárhlutfall og veltufjárhlutfall sterk og fyrirtækið vel fjármagnað.